

Fimmtudaginn 5. janúar 1995.

Nr. 499/1994. **Sýslumaðurinn í Keflavík**

gegn

Nesvirki hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 15. nóvember 1994, þar sem var hafnað kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst, að tekin verði til greina krafa sín fyrir héraðsdómi um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um gjaldþrotaskipti eingöngu á því, að árangurslaust fjárnám hafi farið fram hjá varnaraðila 9. mars 1994, og vísar um lagastoð fyrir kröfunni til 1. töluliðar 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Fjárnámssgerð þessi fór fram, án þess að neinn væri viðstaddur hana af hálfu varnaraðila, og hafði ekki tekist að boða fyrirsvarsmann félagsins til hennar. Þótt svo virðist sem hvorugur tveggja stjórnarmanna í félaginu sé búsettur hér á landi, hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á með gögnum úr Hlutfélagaskrá eða öðrum hætti, að engir aðrir séu tiltækir, sem geti tekið málstað varnaraðila við fjárnámssgerð. Skorti því heimild samkvæmt 62. gr. laga nr. 90/1989 um aðför til að ljúka fjárnámssgerðinni án árangurs, og verður krafa um gjaldþrotaskipti ekki studd við hana. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. nóvember 1994.

Með bréfi, sem barst dómnum 21. mars 1994, hefur sýslumaðurinn í Keflavík, kt. 610576-0369, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, krafist þess, að bú Nesvirkis hf., kt. 471091-1039, Heiðarholti 6 c, Keflavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár er tilgangur félagsins almenn verktakastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.

Með bókun í þingbók 16. september 1994 var kröfunni vísað á bug. Með bréfi skiptabeiðanda, mótteknu í Héraðsdómi Reykjaness 18. október s. á., lagði skiptabeiðandi kröfuna fyrir að nýju og krafðist fyrirtöku hennar á dómþingi og úrskurðar um, hvort henni verði hafnað. Krafan var að nýju tekin fyrir á dómþingi 11. nóvember s. á., þar sem mætt var af hálfu skiptabeiðanda, sem lagði kröfuna í úrskurð.

Skiptabeiðandi greinir þannig frá í kröfu sinni, að Nesvirki hf. hafi rekið verktakafyrirtæki. Fyrirsvarsmaður félagsins, Magnea Löken, kt. 170155-4839, búi í Noregi og einnig varamaður, Viðar Löken, kt. 221049-8029, Hinn 9. mars hafi að kröfu sýslumannsins í Keflavík verið gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu. Nesvirki hf. standi nú í skuld við embætti sýslumannsins í Keflavík vegna ógreidds virðisaukaskatts, að höfuðstól 4.728.500 kr., en samtals með dráttarvöxtum og kostnaði 6.220.721 kr. auk gjalds í ríkissjóð, 3000 kr., vegna kröfu um gjaldþrotaskipti.

Skiptabeiðandi styður kröfu sína um gjaldþrotaskipti við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, en ekkert bendi til, að skuldarinn sé fær um að standa í skilum við embættið nú þegar eða innan skamms tíma.

Krafa skiptabeiðanda er reist á árangurslausu fjárnámi, sem fram fór hjá skuldara 9. mars 1994. Enginn var mættur af hálfu skuldara við gerðina. Verður því ekki talið, að aðfarargerðin geti gefið raunhæfa mynd af fjárhag skuldara. Aðfarargerðin fullnægir því ekki ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, til þess að unnt sé að byggja kröfu um gjaldþrotaskipti á henni.

Samkvæmt framangreindu verður synjað kröfu sýslumannsins í Keflavík um gjaldþrotaskipti á búi Nesvirkis hf.

Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu sýslumannsins í Keflavík um gjaldþrotaskipti á búi Nesvirkis hf., kt. 471091-1039, Heiðarholti 6 c, Keflavík.